

Lánsjóður sveitarfélaga ohf.

VIÐAUKI

við grunnlýsingu dagsetta 28. mars 2014

LSS150434

1 ÁBYRGIR AÐILAR


1.1 Útgefandi

Lánaþjóður sveitarfélaga ohf., kt. 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

1.2 Yfirlýsing útgefanda

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri, nafngreindir hér að neðan, fyrir hönd Lánaþjóðs sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100, lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem þessi viðauki við grunnlýsingu dagsetta 28. mars 2014 hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Jafnframt er Lánaþjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100 umsjónaraðili með töku skuldabréfa lánaþjóðsins í flokki LSS150434 til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.

Reykjavík, 21. ágúst 2018
f.h. Lánaþjóðs sveitarfélaga ohf.
Borgartúni 30, 105 Reykjavík



Magnús B. Jónsson
stjórnarformaður



Óttar Guðjónsson
framkvæmdastjóri

2 TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Þessi viðauki við grunnlýsingu Lánaþjóðs sveitarfélaga ohf. dagsett 28. mars 2014 er gerður til að koma á framfæri við fjárfesta mikilvægum nýjum upplýsingum sbr. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti.

Um útgáfu og töku skuldabréfa Lánaþjóðs sveitarfélaga ohf. til viðskipta fer fram samkvæmt nágildandi lögum og reglugerðum, þ.m.t. lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, lög nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa og lög nr. 110/2007 um kauphallir. Í þessum viðauka vísa „sjóðurinn“ og „lánaþjóðurinn“ til Lánaþjóðs sveitarfélaga ohf.

Þar sem viðaukinn tekur aðeins til tiltekinna atriða, skulu fjárfestar lesa viðaukann samhliða grunnlýsingunni til að öðlast nægjanlegar upplýsingar um útgefanda og skuldabréfaflokkinn.

Stjórn Lánaþjóðs sveitarfélaga hefur samþykkt hækkan á heildarheimild skuldabréfaflokkssins LSS150434 úr 40 milljörðum í 50 milljarða. Þann 21. ágúst 2018 var heildarstærð flokksins 37,427,152,565 að nafnvirði. Lánaþjóðurinn áformar að halda regluglegr útboð í þessum skuldabréfafloKKI til fjármögnumnar á útlánum til sveitarfélaga líkt og gert hefur verið síðustu misseri. Stjórn sjóðsins býst við að eftirsprung eftir útlánum sem fjármögnum eru með LSS150434 verði slík að geri megi ráð fyrir að flokkurinn stækki umfram 40 milljarða að nafnvirði. Að öðru leyti er vísað í útgáfuáætlun lánaþjóðsins sem birt er á vefsþæði hans www.lanasjodur.is.

Vísað er í grein 5.2 grunnlýsingar LSS150434 sem dagsett er 28. mars 2014, sem og viðauka dags 17. júlí 2017, en þar er heildarheimild flokksins og fjárhæð útstandandi bréfa tiltekin og þarf því að taka tillit til ofangreinda upplýsinga.

Grein 5.4 grunnlýsingarinnar breytist þannig að eftirfarandi bætist við hana: „Einnig mun Lánaþjóðurinn eftir þörfum gefa út eigin bréf í þeim tilgangi að veita viðskiptavökum sjóðsins aðgang að lánsbréfum sem styður við aukinn seljanleika bréfanna og efli verðmyndun á markaði.“

Grein 5.6, endanlegir skilmálar, breytast sem hér segir:

Liðurinn „Nafnverð“ breytist og verður „Nafnverð seldra bréfa“.

Fyrir neðan liðinn „Nafnverð seldra bréfa“ bætist við eftirfarandi liður: „Útgáfa eigin bréfa vegna viðskiptavaktar (nafnverð) [ISK •] / Á ekki við.]“

Liðurinn „Áður útgefið og selt“ breytist og verður „Áður útgefið“.

Eftirfarandi setning breytist: „Verðmæti skuldabréfanna miðað við sölugengi er alls ISK [•].“ Setningin verður framvegis: „Verðmæti seldra skuldabréfa miðað við sölugengi er alls ISK [•].“ Fyrir neðan sömu málsgrein bætist við setningin „[Verðmæti skuldabréfa sem gefin eru út vegna viðskipavaktar miðað við sölugengi er alls ISK [•].]“